

Kæru foreldrar/forráðamenn og nemendur.

Mikill áhugi hefur verið fyrir Vísindaskóla unga fólksins og er skólinn fullbókaður en um 90 nemendur eru skráðir. Skólinn stendur yfir vikuna 24.-28. júní frá kl. 09:00-15:00.

Skipulagi skólans verður þannig háttað að nemendum verður skipt upp í fimm hópa og fær hver hópur að kynnst nýju þema á hverjum degi. Upplýsingar um það í hvaða hópi ykkar barn/börn eru og í hvaða röð farið er í gegnum þemum kemur síðar í vikunni ásamt fleiri upplýsingum. Við höfum tekið tillit til þeirra óska sem hafa borist varðandi börn sem vilja vera saman í hóp.

Skólinn verður settur mánudaginn **24. júní kl 8:30**. Við biðjum alla nemendur að mæta tímanlega í anddyri Háskólans á Akureyri, aðalinngangur. Þar munum við taka á móti þeim og ræða stuttlega við þau áður en skólinn hefst.

Skólanum líkur formlega **föstudaginn 28. júní kl 15:30** með útskrift nemenda í hátíðarsal Háskólans á Akureyri. Foreldrum, systkinum og aðstandendum er boðið að taka þátt í þeirri athöfn.

**Athugið eftirfarandi:** Við biðjum foreldra/forráðamenn að skoða vel dagskrá Vísindaskólans inn á heimasíðu skólans ([www.visindaskoli.is](http://www.visindaskoli.is)) en þar má sjá hvað er gert í hverju þema. Stundum fer kennsla fram utan dyra og þá þurfa börnin að vera með fatnað með sér miðað við veður á hverjum degi. **Mjög mikilvægt er að nemendur mæti á réttum tíma í skólann.**

**Ath. eftirfarandi varðandi þemun:**

**Fagur fiskur í sjó:**

- Þar byrja krakkarnir daginn um borð í Húna NEMA hópurinn sem byrjar á mánudeginum (24.06.2019) honum verður skutlað í Húna á mánudagsmorgninum eftir setningu skólans.
- Húni er við bryggju rétt fyrir norðan ÚA. Keyra niður hjá Hafnarsamlaginu. Nemendur þurfa að mæta þangað kl. 09:00 þann dag sem þau eru í námskeiðinu.
- Þau enda síðan dagskrána í Útgerðafélagi Akureyringa kl. 15:00.
- Hópurinn sem endar í Fagur fiskur í sjó á föstudeginum (28.06.2019) verður sóttur og þeim skutlað í HA fyrir útskrift.

**Besta útgáfan af þér:**

- Gott er fyrir nemendur að mæta í fötum sem henta til íþróttaiðkunar.
- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

**Fjármálavit – Hvað kostar að vera unglingur:**

- Nemendur byrja daginn í Háskólanum á Akureyri.
- Nemendur enda daginn í Landsbankanum kl. 15:00.
- Nema hópurinn sem endar í Fjármálaviti á föstudeginum (28.06.2019) en hann verður sóttur og skutlað í HA fyrir útskrift.

**Kynslóðabruín:**

- Nemendur byrja daginn í Háskólanum á Akureyri.
- Nemendur enda daginn á Minjasafninu kl. 15:00.
- Nema hópurinn sem endar í Kynslóðarbrúnni á föstudeginum (28.06.2019) en hann verður sóttur og skutlað í HA fyrir útskrift.

**Leikur að kóðum, smáforrit og róbótaforritun:**

- Nemendur byrja og enda daginn í Háskólanum á Akureyri.

Við viljum biðja alla að hafa eftirfarandi með sér:

- **Holla morgunhressingu t.d. ávexti.**

Inn í þáttökugjaldinu er heitur matur í hádeginu. Hér má sjá [matseðilinn](#)

Allar nánari upplýsingar um skólann og skipulag kennslunnar má finna inn á heimasíðunni [www.visindaskoli.is](http://www.visindaskoli.is)

Ef þið hafið einhverjar spurningar getið þið sent póst á netfangið [visindaskoli@unak.is](mailto:visindaskoli@unak.is) eða haft samband við Dönu Rán Jónsdóttur, verkefnastjóra Vísindaskólans í síma 460-8906.